

72. stjórnarfundur Bergrisans bs

22.04.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Fjola Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir og Elliði Vignisson.

Úr þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.

Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

Gestur undir fyrsta lið var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Dagskrá

1. Skaftholt

Íris og Steinunn Erla fóru yfir tilkynningu sem snýr að málefnum íbúa í Skaftholti og upplýstu um ferli málsins hingað til. Stjórn Bergrisans undirstrikar mikilvægi þess að tryggja réttindi og öryggi íbúa í búsetuárræðum á starfssvæði Bergrisans sem og að tryggð sé eðlileg málsmeðferð með hagsmuni allra aðila að leiðarljósi.

Ellý Þorsteinsdóttir hefur verið fengin til að fara í almennt eftirlit í öllum stofnunum á vegum Bergrisans bs og ákveðið er að hún byrji á Skaftholti.

2. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður Þjónusturáðs kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 179.

Liður tvö í fundargerð Þjónusturáðs er lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

2a. Beiðni um þjónustu 105466

Þjónusturáð leggur til að samþykkt verði beiðni Árnesþings um framlag vegna þjónustu að 40 klst. á mánuði. Kostnaðarþátttaka Bergrisans er 243.440 eða 2.921.280 á ársgrundvelli.

Stjórn samþykkir beiðnina.

2b. Beiðni um þjónustu 105467

Þjónusturáð leggur til að samþykkt verði beiðni Árneshóla um framlag vegna þjónustu að 40 klst. á mánuði. Kostnaðarþátttaka Bergrisans er 243.440 eða 2.921.280 á ársgrundvelli.

Stjórn samþykkir beiðnina.

3. Ársreikningur Bergrisans bs 2023

Lagður var fram ársreikningur Bergrisans fyrir árið 2023 til skoðunar og samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

4. Önnur mál

Verkefnastjóri upplýsti um Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Upplýst var um stöðu mála í Nauthaga – stefnt að opnu húsi fljótlegra í maí.

Upplýst að búið er að ganga frá undirritun á samningi við Sólheima.

Skrifstofustjóri upplýsti um stofnun nýrrar sameignar, aðgangsstýringar og skjalavistunaráætlun.

Fundi slitið klukkan 14:43.

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir